

KJARASAMNINGUR

milli

Alpýðusambands Íslands, Flóabandalagsins¹, Landssambands íslenskra verslunarmanna, Rafiðnaðarsambands Íslands, Samiðnar- sambands iðnfélaga og Starfsgreinasambands Íslands f.h. aðildarfélaga og VR, Stéttarfélags Vesturlands, VM félags vélstjóra og málmtæknumanna, Félags hársnyrtisveina, Grafíu – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum, Félag leiðsögumanna, MATVÍS og Mjólkurfræðingafélags Íslands

og

Samtaka atvinnulífsins

1.gr.

Grundvöllur samningsins

Samningur þessi byggir á rammisamkomulagi aðila, dags. 27. október 2015 og bókun um lífeyrismál um jöfnun lífeyrisréttinda, dags. 5.5. 2011.

2.gr.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til þeirra almennu kjarasamninga sem aðilar gerðu sín á milli á tímabilinu maí til september 2015. Aðra kjarasamninga aðila, sem og samninga sem byggja á 5. kafla aðalkjarasamninga um fyrirtækjapátt, skal uppfæra sérstaklega í samræmi við grein 2.b. í rammisamkomulagi, dags. 27. október 2015, sem segir að kostnaðarhækkun vegna kjarasamninga (að meðtöldum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda) skuli ekki verða meiri en samsvarar vísitölugildinu 132 í árslok 2018, miðað við gildið 100 í nóvember 2013. Þessari vinnu verði lokið fyrir lok mars og miðist við að breytingar taki gildi á sömu dagsetningum og í þessum samningi.

3. gr.

Framlag í lífeyrissjóði

Framlag launagreiðenda hækki og verði eftirfarandi:


Frá 1. júlí 2016: 8,5%.

Frá 1. júlí 2017: 10,0%.

Frá 1. júlí 2018: 11,5%.

Samstaða er meðal aðila vinnumarkaðar um samræmingu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins þannig að einstaklingum á vinnumarkaði verði, við 67 ára aldur, tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir sem nemi 76% af meðaltals mánaðartekjum sem viðkomandi höfðu á starfsævinni. Almenna lífeyriskerfið hefur hingað til miðast við 56%. Þessi trygging felur í sér 35% meiri ávinnslu lífeyrisréttar en áður og næst með hækkun framlags launagreiðenda úr úr 8,0% í 11,5%. Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi

¹ Til Flóabandalagsins teljast Efling-stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis



launagreiðanda í bundinn séreignasparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Með bundnum séreignarsparnaði er átt við að settar eru þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði. Nauðsynlegt er að undirbúa þessa heimild vandlega. Annars vegar með tilliti til tryggingafræðilegrar stöðu lífeyriskerfisins og hins vegar með tilliti til áhrifa þessa vals á réttindi til áfalla- og fjölskyldutrygginga og ævilangs lífeyris þannig að sjóðfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um samsetningu réttinda sinna.

4. gr.

Almennar launabreytingar

Launaþróunartrygging fyrir árið 2016 fellur brott. Í stað hennar kemur 6,2% almenn launahækkun þann 1. janúar 2016, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu, þ.m.t. hækkun annarra kjaratengdra liða en desember og orlofsuppbóta, sbr. þó meðfylgjandi bókun með þessari grein.

1. maí 2017: 4,5% almenn launahækkun.

1. maí 2018: 3,0% almenn launahækkun.

5. gr.

Hafi þau frumvörp sem félags- og húsnæðismálaráðherra flutti á Alþingi í desember 2015 um húsnæðisbætur og almennar íbúðir ekki verið afgreidd sem lög án verulegra efnisbreytinga fyrir lok febrúar 2016, eru aðilar sammála um að fresta skoðun forsendunefndar í febrúar 2016 hvað þessi frumvörp varðar til febrúar 2017 og telst það þá vera ný forsenda.

6. gr.

Afgreiðsla sammingsins


Kjarasamning þennan skal með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, bera upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu félagsmanna allra aðildarfélaga Alþýðusambandsins sem taka laun skv. almennum kjarasamningum við SA frá í maí til september 2015 og skulu atkvæði talin sameiginlega. Með sama hætti verður kjarasamningurinn borinn upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 eru aðilar sammála um að tilkynna skuli niðurstöðu atkvæðagreiðslna fyrir kl. 14:00 26. febrúar 2016.

Bókun til skýringar á 4. gr.


Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. og þrátt fyrir ákvæði bókunar aðila frá 5.5.2011 um almennar launahækkanir, er launagreiðanda heimilt að draga frá umsaminni launahækkun á árinu 2016, ótilkynnta almenna hækkun launa starfsmanna sem framkvæmd hefur verið eftir gildistöku kjarasamninga viðkomandi aðildarsamtaka á árinu 2015 og fram að undirskrift þessa sammings, hafi launagreiðandi framkvæmt slíka hækkun launa gagnvart þorra starfsmanna. Þó skal enginn starfsmaður fá minna en 6,2% launahækkun, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu, á tímabilinu 2. maí til 31. desember 2015.

Reykjavík, 21. janúar 2016

F.h. Alþýðusambands Íslands



F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. VR

Ólafur Þ. Þorsteinsson

F.h. Flóabandalagsins og Stéttarfélags Vesturlands

Sigmundur Þorsteinsson

F.h. Landssambands íslenskra verslunarmanna/VR

Andri Þorsteinsson

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Ólafur Þorsteinsson

F.h. Samiðnar - sambands iðnfélaga

Þorsteinn Þorsteinsson

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Þorsteinn Þorsteinsson

F.h. félaga með beina aðild

Sveinn Þorsteinsson

Ólafur Þorsteinsson